

# Stefna Betri samgangna

---

[betrisamgongur.is](https://betrisamgongur.is)

Maí 2025



BETRI  
SAMGÖNGUR

# Stefnuyfirlýsing



## Tilgangur

Að auka lífsgæði íbúa og gesta á höfuðborgarsvæðinu með því að skapa nútímalegt, skilvirkt og sjálfbært samgöngukerfi.

## Hlutverk

Framkvæmd Samgöngusáttmálans með fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngulausnum sem bæta tengingar, stytta ferðatíma, auka umferðaröryggi og stuðla að umhverfisvænni samgöngumátum.

## Loforðið

- Greiðari og fjölbreyttari ferðamátar
- Aukið umferðaröryggi
- Bætt lýðheilsa
- Kolefnishlutlaust samfélag
- Samvinna og skilvirk framkvæmd

# Gildin okkar



ÁBYRGÐ



SAMVINNA



ÁRANGUR

# Framtíðarsýn



Að Samgöngusáttmálinn hafi skilað greiðum og fjölbreyttum ferðamátum og að afkastageta samgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 uppfylli þarfir samfélagsins og hafi aukist umfram íbúafjölgun.



Að uppbygging samgönguinnviða Samgöngusáttmálans stuðli að minnkun kolefnisspors og bættri lýðheilsu.



Að verkefnastjórnun stuðli að agaðri og skilvirkri framkvæmd, markvissum rekstri og hámarksárangri í verkefnum Betri samgangna.




Betri samgöngur séu eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfi fjölbreyttur hópur fólks með djúpa sérfræðipekkingu.



Betri samgöngur séu þekktar fyrir aga og ábyrgð í áætlanagerð, eftirfylgni og framkvæmd verkefna. Rík áhersla verði á hagstæða fjármögnun, virka útboðspáttöku, tímaáætlanir og kostnaðargát sem skili góðum rekstri og árangri í framkvæmdum.

# Markmiðin okkar



## Stefnumarkandi áherslur

1. Fjölbreyttari ferðamátar og bætt lýðheilsa
2. Kolefnishlutlaust samfélag
3. Aukið umferðaröryggi
4. Hagkvæmari samgöngur

## Árangursmælikvarðar

1. Afkastageta samgöngutenginga á milli svæða innan höfuðborgarsvæðisins á annatímum aukist umfram íbúafjölgun.
2. Viðhorf allra íbúa til samgöngukerfisins í heild (stígar, stofnvegir og Borgarlína) sé jákvætt.

### Borgarlína

- Lengd forgangsakreina og sérrýma aukist um 30 km fyrir árið 2032 og yfir 80 km árið 2040. (m.v. 2020)
- Byggðar verði um 50 Borgarlínustöðvar innan göngufæris fyrir um 30% íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2032. Árið 2040 verði Borgarlínustöðvar orðnar yfir 120 talsins og innan göngufæris fyrir allt að 65% íbúa.
- 42% af fjárveitingum.

### Stofnvegir

- Auka á öryggi allra vegfarenda og greiðfærni með breytingum á níu gatnamótum fyrir árið 2032 og 17 gatnamótum fyrir 2040 auk þess að aðskilja akstursteftur.
- Dregið verði markvisst úr umferðarhávaða og öðrum neikvæðum staðbundum áhrifum bílaumferðar með framkvæmdum Sáttmálans.
- 42% af fjárveitingum.

### Virkir ferðamátar

- Lengd hjólastíga aukist um 50 km fyrir árið 2032 og yfir 90 km árið 2040. (m.v. 2020)
- Alvarlegum slysum og banaslysum á gangandi og hjólandi vegfarendum fækki árlega um 5% (m.v. 2020)
- 13% af fjárveitingum.

### Umferðarstýring, öryggi og flæði

- Umferðarljósabúnaður á stofnvegum verði endurnýjaður á 60 stöðum fyrir árið 2032 og 100 stöðum fyrir 2040.
- Flæði almenningssamgangna og aðgengi að þeim á stofnvegakerfinu verði bætt.
- 3% af fjárveitingum.

# Stefna Betri samgangna

---

[betrisamgongur.is](https://betrisamgongur.is)

Maí 2025



BETRI  
SAMGÖNGUR